

## Greinargerð um endurskoðaða fjárhagsáætlun SSNE fyrir árið 2023 og framvindu fjárhagsáætlunar árið 2022.

SSNE leggur fram til kynningar fyrir haustþing samtakanna endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2023. Áætlunin er byggð á rekstrartölum fyrstu 9 mánuði ársins 2022 og samþykktum ársþings SSNE í apríl 2022. Verðlagsbreytingar eru reiknaðar miðað við vænta þróun vísitölu neysluverðs.



Í apríl var fjárhagsáætlun ársins 2023 samþykkt með óverulegum hagnaði, en endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að um tveggja milljóna króna tap verði á rekstri SSNE.

Ástæða þessa viðsnúnings eru þessar helstar:

- Framlög Jöfnunarsjóðs byggja á forsendum um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2022, endanlegum útsvarstofni sveitarfélaga á árinu 2021 og áætluðum útsvarstofni sveitarfélaga 2022. Vegna þess hve flókin reiknireglan er er úthlutun ársins 2022 látin standa óbreytt í fjárhagsáætlun 2023. Framlag Jöfnunarsjóð til reksturs SSNE næsta ár verður ekki ljóst fyrr en við afgreiðslu Alþingis á fjárlögum fyrir árið 2023.
- Til viðbótar við þessa árlegu óvissu um framlög Jöfnunarsjóðs, er Byggðastofnun að endurskoða reiknireglu vegna úthlutunar fjár til landshlutasamtakanna. Ekki er ljóst hver sú reikniregla verður en samkvæmt upplýsingum frá Byggðastofnun er líklegt að hlutdeild SSNE verði um 33 milljónir króna. Vænta má hækkingu framlaga á komandi árum vegna þessarar nýju reiknireglu. Þó lækkar framlag Byggðastofnunar milli ára 2022/23 sem skýrist af því að SSNE hefur fengið sérstakt aukaframlag frá stofnun samtakanna, en það fellur niður á næsta ári.
- Á ársþingi í apríl var lýst óvissu um þróun launa enda ljóst að kjarasamningar væru lausir á árinu 2022 og þá stefndi í flókna samningalotu. Enn hefur ekki verið leyst úr launadeilum á vinnumarkaði og því áframhaldandi óvissa um launaþróun á næsta ári.
- Verðbólga hefur verið hærrí en áætlað var í upphafi þessa árs og því hækka kostnaðarliðir sem tengdir eru vísitölu neysluverð (einkum húsaleiga) umfram áætlun.
- Mögulega mun koma inn framlag á næsta ári frá Íslandsstofu vegna aukins samstarfs en það liggur ekki endanlega fyrir en mun skýrast á allra næstu vikum.

Hér að neðan eru gröf sem sýna þróun launa- og neysluvístalna frá janúar 2018 til september 2022 (bláar línur) og áætlaða þróun sömu vísitalna frá október 2022 til janúar 2025. Í spá okkar völdum við að fylgja lægri vikmörkum væntrar þróunar þar sem þróunin júlí-september gaf til kynna að það verðbólga yrði lægri á komandi mánuðum en var fyrri hluta ársins.

Í ljósi þeirrar óvissu sem uppi er um þróun tekna og gjalda SSNE á næsta ári er lagt til að staðfestingu endanlegrar fjárhagsáætlunar samtakanna verði frestað fram að ársþingi 2023.



### Horfur fyrir yfirstandandi ár.

Samkvæmt samantekt fjármálastjóra um stöðu rekstrar í lok september 2022 lítur út fyrir að afkoman verði ívið betri á yfirstandandi ári en gert var ráð fyrir. Þó ber að gæta þess að kostnaðarliðir falla ekki jafnt yfir árið og ýmsir liðir sem ekki koma fram fyrr en í lok árs (sjá yfirlit hér að neðan).

Lausafjárstaða félagsins er góð og hefur verið það allt þetta ár. Hins vegar er eigið fé SSNE enn neikvætt sem skýrist af skuld við Vegagerðina vegna reksturs Eyþings á almenningsamgöngum fram til ársins 2019. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til þess að ná samningum við Vegagerðina um skuldaskil hefur það ekki tekist. Meðan þetta mál er ekki til lykta leitt er nauðsynlegt að SSNE haldi sterkri lausafjárstöðu, komi til þess að félagið neyðist til að greiða hluta, eða alla skuldina.

Fjárhagsáætlun	Staðfest á aukaþingi í okt. 2021	Endurskoðuð áætlun	Áætlun	Raun
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>2022</b>	<b>2022</b>	<b>9/30/2022</b>	<b>9/30/2022</b>
Framlög til reksturs SSNE	108,000,000	111,561,000	83,670,750	84,700,000
Framlög vegna atvinnuþróunar	45,654,000	45,872,080	34,404,060	27,010,500
Framlög vegna sóknaráætlunar	154,729,000	211,903,547	158,927,660	143,800,000
Tekjur vegna annarra verkefna	19,580,273	35,760,000	26,820,000	42,040,000
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>327,963,273</b>	<b>405,096,627</b>	<b>303,822,470</b>	<b>297,550,500</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld	148,570,000	149,805,000	112,353,750	113,569,721
Breyting lífeyrisskuldbindingar	1,170,000	1,170,000	877,500	0
Aðkeypt þjónusta	8,770,000	9,080,000	6,810,000	6,317,788
Úthlutaðir styrkir	136,429,273	193,603,547	145,202,660	149,000,000
Annar rekstrarkostnaður	28,155,000	44,677,000	33,507,750	18,058,455
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>323,094,273</b>	<b>398,335,547</b>	<b>298,751,660</b>	<b>286,945,964</b>
<b>Hagnaður (tap)</b>	<b>4,869,000</b>	<b>6,761,080</b>	<b>5,070,810</b>	<b>10,604,536</b>